Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð matsteymis Hraunvallaskóla

Dags: 13.11. 2017. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 15.00-16.00

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Kristín Erla Þórisdóttir, Magnús Róbertsson (fjarverandi), Hjördís Sigurbjartsdóttir (fjarverandi), Benedikt Steinar Benonýsson (fjarverandi), Donna María Skúladóttir, Elísabet Anna Pétursdóttir, Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir (fjarverandi), Svava Dögg Gunnarsdóttir, Kristín Mogensen, Rannveig Þórisdóttir og Guðrún Snorradóttir.

1. **Framvinda umbótastarfs**

   Verkefnastjóri umbótateymis fór yfir þá vinnu sem unnin hefur verið milli funda. Þar kom fram að Í heildina skiptast þeir 8 umbótaþættir sem unnið er með í vetur í 62 undirþætti og búið er að skilgreina ábyrgðaraðila fyrir hvern þátt. Af þessum 62 undirþáttum eru 27 þættir komnir í þann farveg að teljast loknir, 2 þættir eru á umræðustigi, 2 þættir eru lifandi verkefni allt skólaárið og aðrir þættir eru í vinnslu og margir komnir vel af stað. Skólaráð hefur fengið kynningu á umbótaferlinu og kynning var fyrir starfsfólk í október og gögn lögð á kaffistofu þar sem hægt var að skoða þau nánar. Umsagnar hefur verið óskað frá starfsfólki og hefur verið brugðist við þeim ábendingum sem hafa komið. Umbótateymi hélt síðast fund 4. nóvember þar sem hver og einn gerði grein fyrir sinni vinnu og eru allir þættir komnir í góðan farveg. Matsteymið hefur fengið kynningu og gögn í hendur og tekið var á móti umsögnum frá þeim á þessum fundi.

2. **Viðbrögð og ábendingar við gögnum og matsvinnu**

   Engar sérstakar ábendingar komu frá matsteymi um framgang umbótavinnunnar eða matsferlið. Aftur á móti komu margar gagnlegar ábendingar um aðbúnað og kennslu í skólanum. Þar ber helst að nefna óskir nemenda um:

   - Meiri forvarnakennslu
   - Fjölbreyttari kennslu og meiri samvinnu milli árganga og innan árgangs
   - Bættan aðbúnað á skólalóð.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland, skólastjóri.